



***Skýrsla Fræðslunefndar Umdæmisins  
Ísland – Færeyjar starfsárið 2010 -2011  
Til Umdæmisþings haldið laugardaginn 23. september  
2011 á Hornafirði***

Í fræðslunefnd eru : **Sæmundur H. Sæmundsson Elliða formaður**  
**Finnbogi G. Kristjánsson Elliða**  
**Árni H. Jóhannsson Kötlu**

Fræðslunefnd undirbjó sig vel fyrir þetta starfsár og var ákveðið að gera nokkrar breytingar frá fyrra ári og kanna viðbrögð og hvaða árangur kæmi út úr því og er það von nefndarmanna að fræðsla vegna starfsársins 2010-2011 hafi tekist vel til.

Kjörumdæmisstjóri/Umdæmisstjóri var inn á þessari línu eins og nefndin og það okkur nefndarmenn að útfæra þessa hugmynd og síðan myndum við í sameiningu fínþússa hana.

Eftir þessu höfum við unnið og reynt að gera þá fræðslufundi sem við höfum komið nálægt eins uppbyggilega og skemmtilega og okkur hefur verið unnt.

Fyrsta verkefnið var fræðsla og samráðsfundur með svæðisstjórum og forsetum, en sá fundur var haldinn 17. apríl 2010 og sú nýbreytni var á þessum fundi að hann var sameiginlegur að hluta með svæðisstjórum og forsetum. Svæðisstjórar voru fyrst frá kl 8:00 til kl 11:00, en þá komu forsetarnir og fundurinn var sameiginlegur, það sem eftir var dagsins. Okkar mat var að gott væri að bæði svæðisstjórar og forsetar vissu í hverju starf hvors hóps um sig væri fólgið. Þessi fundur tókst vel og var

vel unnið til kl: 17:00 en þá var tekið hlé til kl: 19:30 en svo hittist hópurrinn aftur og snæddi saman kvöldverð og var þetta hin skemmtilegasta kvöldstund og töldum við í nefndinni að þetta væri gott, til að þessir aðilar kynntust betur fyrir komandi samstarf á árinu. Þessi fræðsla var haldin í Kiwanishúsinu að Engjateig 11 í Reykjavík. Mæting var mjög góð, allir svæðisstjórnarnir og um 80% af boðuðum forsetum.

Fræðslunefnd sá um fræðslu á Umdæmisþinginu sem var haldið föstudaginn 10. september í Salnum í Kópavogi. Við héldum okkur við sömu aðferð og árið áður að hafa einn stóran fund á föstudagsmorgninum þar sem mættu forsetar, ritarar, féhirðar og formenn móttökunefnda klúbbanna, sem áttu þess kost að mæta ásamt svæðisstjórunum. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir og var þátttaka mjög góð eða á bilinu 110 - 120 manns og sýndist okkur að mæting frá klúbbunum væri um 90%. Þessi fundur fór vel fram og voru þátttakendur á einu máli um að þetta hefði tekist vel. Eina aðfinnslan var að salurinn bauð ekki uppá að sitja við borð, því að þetta er ráðstefnusalur og þess vegna gátum við ekki haft neina hópavinnu.

Fræðslunefnd hefur að sjálfsögðu átt fulltrúa á öllum Umdæmisstjórnarfundum og skilað skýrslum þangað um gang mála varðandi fræðslu í Umdæminu.

Nefndin var beðin að koma á nokkrar svæðisráðstefnur og vera með upplýsingar um fræðslumál og vorum við alltaf fúsir til að mæta og ræða fræðslumál og ánægðir með að svæðisstjórnarnir vildu hafa þennan lið inná dagskrá svæðisfundanna og varð það til þess að fjörugar umræður voru um fræðslumál og skipst á skoðunum sem við vonum að hafi verið gagnlegar bæði fyrir okkur í nefndinni og eins fyrir embættismenn klúbbanna og aðra sem sóttu þessa fundi.

Nokkrir klúbbar óskuðu einnig eftir að nefndin kæmi á félagsmálafundi þeirra og ræddi kiwanismál og fræðslu sérstakalega. Þessir fundir hafa verið vel sóttir og að okkar mati skemmtilegir og vonandi gagnlegir

Þetta er í stuttu máli það sem fræðslunefnd hefur verið að vinna við á þessu starfsári.

Ég vil nota tækifærið og þakka samnefndarmönnum mínum fyrir frábært samstarf svo og umdæmisstjóranum Óskari Guðjónssyni, ritara og féhirði umdæmisins og öllum embættismönnum umdæmisins, sem við höfum átt samstarfi við.

Við í Fræðslunefnd viljum þakka öllum kiwanisfélögum í umdæminu fyrir mjög góðar móttökur á öllum stöðum sem við höfum komið á og óskum eftirmönnum okkar í fræðslunefnd svo og öllum kiwanisfélögum alls góðs á ókomnum árum.

Reykjavík 23. september 2011

---

Sæmundur H. Sæmundsson formaður fræðslunefndar